

**Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála
Stjórnmálafræðideild
Háskóla Íslands**

**Yfirlit yfir helstu verkefni
starfsárið 2020**

Febrúar 2021

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála | 3 |
| 1. Inngangur..... | 4 |
| 2. Stjórnun, samstarf, rannsóknir og þróunarverkefni..... | 4 |
| 2.1 Stjórn og starfsfólk | 4 |
| 2.2 Samstarfsaðilar..... | 4 |
| 2.3 Rannsóknir og þróunarverkefni..... | 6 |
| 3. Útgáfa og vefir | 7 |
| 3.1 Vefúmaritið <i>Stjórn mála & stjórnsýsla</i> | 7 |
| 3.2 Vefir stofnunarinnar | 9 |
| 3.3. Vinnupappírar..... | 9 |
| 4. Fræðsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu, stjórn mála og málefni líðandi stundar | 10 |
| 4.1 Stjórnsýslufræðsla og önnur námskeið..... | 10 |
| 4.2 Ráðstefnur, málþing og opnir fyrirlestrar..... | 10 |
| 5. Fjármál stofnunarinnar | 11 |
| Viðauki 1. Viðburðir og námskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála árið 2019 | 12 |
| Viðauki 2. Titlar og höfundar ritrýndra greina í tímaritinu <i>Stjórn mála & stjórnsýsla</i> árið 2019 | 14 |

Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Árið 2020 var átjándi starfsár Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála. Talsverðar breytingar urðu á stjórn stofnunarinnar, starfsmannahaldi og skipulagi og Covid-19 faraldurinn hafði sín áhrif á starfsemina. Helstu viðfangsefni voru þó með svipuðu móti og undanfarin ár.

Sem fyrr leitaðist stofnunin við að styðja við rannsóknir og fagþróun opinberrar stjórnsýslu og vera öflugur umræðuvettvangur um málefni stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin starfaði náið með Stjórn málafræðideild og kennurum hennar og kom að umsjón rannsóknarverkefna og gerð umsókna um rannsóknarstyrki. Líkt og fyrri ár var útgáfa tímaritsins *Stjórn mála & stjórnsýsla* mikilvægur þáttur í starfsemi stofnunarinnar, sem og umsjón stofnunarinnar með útgáfu *Tímarits um viðskipti og efnabagsmál (TVE)*. Stofnunin hélt fjölda námskeiða fyrir starfsfólk í opinberri stjórnsýslu o.fl., en þátttakan var þó talsvert minni en undanfarin ár þar sem námskeiðin færðust í áföngum alfarið yfir í fjarkennslu. Sóttvarnir settu einnig mark sitt á opin fundahöld stofnunarinnar um rannsóknir fræðimanna og málefni líðandi stundar. Færri slíkir fundir voru haldnir en undanfarin ár en nokkrir þó, í samstarfi við ýmsa aðila, einkum síðari hluta árs og þá alfarið í formi fjarfunda. Í byrjun júní var Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál lagt niður, en það hafði verið starfrækt á Laugarvatni frá ársbyrjun 2019. Stofnunin er þó áfram vettvangur rannsókna, námskeiða og umfjöllunar um málefni sveitarfélaga.

Í byrjun árs 2020 lét Margrét S. Björnsdóttir af setu og formennsku í stjórn og tók stjórnarmaðurinn Gunnar Helgi Kristinsson við formennsku af henni. Einnig hættu í stjórn þau Baldur Þórhallsson og Steinunn Halldórsdóttir, en ný inn í stjórnina komu þau Eva Marín Hlynsdóttir, Pétur Berg Matthíasson og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir. Í júní lét Sjöfn Vilhelmsdóttir af störfum sem forstöðumaður stofnunarinnar og við af henni tók Gústaf Adolf Skúlason. Helga Kristín Sæbjörnsdóttir verkefnisstjóri lét einnig af störfum en Lára Hrönn Hlynsdóttir starfaði hjá stofnuninni sem fyrr, sem og Kjartan Páll Sveinsson í hlutastarfi. Loks starfaði Árný Lára Sigurðardóttir tímabundið hjá stofnuninni í byrjun árs.

Gunnar Helgi Kristinsson, stjórnarformaður, og Gústaf Adolf Skúlason forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.

1. Inngangur

Stofnunin starfar í samræmi við reglur um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og stefnumótun stjórnar á hverjum tíma. Í reglum stofnunarinnar segir eftirfarandi um hlutverk hennar:

„Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga, og vettvangur umræðu um stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin heyrir undir Stjórn málafræðideild á félagsvísindasviði. Hún starfar sem sjálfstæður aðili í tengslum við Félagsvísindastofnun HÍ.“

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar á 18. starfsári hennar árið 2020.

2. Stjórnun, samstarf, rannsóknir og þróunarverkefni

2.1 Stjórn og starfsfólk

Stjórn Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er kosin til þriggja ára. Samkvæmt reglum stofnunarinnar skipar forseti Félagsvísindasviðs stofnuninni sex manna stjórn til þriggja ára. Deildarfundur í Stjórn málafræðideild tilnefnir þrjá menn í stjórnina og rektor Háskóla Íslands einn. Forseti Félagsvísindasviðs skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar. Fulltrúar Stjórn málafræðideildar í stjórn eru: Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, formaður stjórnar, Eva Marín Hlynsdóttir dósent og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir prófessor. Aðrir í stjórn eru: Helga Björg Ragnarsdóttir skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjóra sem er fulltrúi Reykjavíkurborgar, Pétur Berg Matthíasson sérfræðingur í forsætisráðuneytinu sem er fulltrúi ráðuneytisins og Trausti Fannar Valsson dósent við Lagadeild HÍ sem skipaður er af rektor HÍ. Stjórnin fundaði tvisvar sinnum á árinu, í janúar og apríl.

Skrifstofa Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er sem fyrr í húsnæði Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í Gimli við Sæmundargötu. Á árinu urðu talsverðar breytingar á starfsmannahaldi stofnunarinnar. Í júní lét Sjöfn Vilhelmsdóttir af störfum sem forstöðumaður stofnunarinnar og við af henni tók Gústaf Adolf Skúlason. Helga Kristín Sæbjörnsdóttir verkefnisstjóri lét af störfum samhliða því að Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál var lagt niður, einnig í júní. Lára Hrönn Hlynsdóttir starfaði áfram sem verkefnisstjóri hjá stofnuninni, sem og Kjartan Páll Sveinsson í hlutastarfi og hafði hann umsjón með útgáfu *Tímarits um viðskipti og efnabagsmál* (TVE) sem stofnunin sér um í samstarfi við ritstjórn. Þá starfaði Árný Lára Sigurðardóttir tímabundið við verkefnastjórn hjá stofnuninni í byrjun árs. Loks hafði Haukur Arnþórsson sem fyrr umsjón með vef *tímaritsins Stjórn mála & stjórnsýsla*, sem og vef TVE.

2.2 Samstarfsaðilar

Stofnunin er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum sem eiga á þessum vettvangi samstarf við fjölmarga aðila utan Háskóla Íslands, s.s. forsætisráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Reykjavíkurborg, Jafnréttisstofu og aðrar opinberar stofnanir en einnig Samband íslenskra sveitarfélaga, önnur félagasamtök o.fl. Þá starfar stofnunin með kennurum og fræðimönnum í öðrum deildum Háskóla Íslands, sjálfstætt starfandi sérfræðingum og sérfræðingum ráðgjafafyrirtækja m.a. vegna skipulagningar á málþingum, fræðslufundum og lengri

og skemmri námskeiðum um stjórnarsýslu og stjórnun í opinberum rekstri fyrir starfsfólk stjórnarsýslunnar og stjórnendur opinberra stofnana.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Háskóli Íslands skrifuðu undir samning um stofnun Rannsóknaseturs um sveitarstjórnarmál á haustmánuðum 2018. Rannsóknasetrið var hluti af Stofnun stjórnarsýslufræða og stjórn mála með starfsstöð í húsnæði háskólans á Laugarvatni, en síðar í húsnæði Menntaskólans á Laugarvatni þegar upp komu vandamál vegna myglu á fyrrnefnda staðnum. Um var að ræða tímabundið tilraunaverkefni en setrið var lagt niður í júní 2020. Stofnunin er þó áfram vettvangur rannsókna og umfjöllunar um málefni sveitarfélaga og tengist m.a. framkvæmd rannsókna og gerð umsókna um rannsóknarstyrki á því sviði.

Reykjavíkurborg hefur verið formlegur samstarfsaðili stofnunarinnar frá upphafi og er samstarfið stofnuninni mikilvægt í fjárhagslegu tilliti. Á árinu var hafinn undirbúningur að gerð nýs samnings stofnunarinnar við borgina en undanfarin ár hefur verið í gildi samningur sem tekur til fjögurra þátta: 1. þjónustuverkefna, 2. stjórnarsýsluskóla fyrir starfsfólk borgarinnar, 3. hugmyndabanka um rannsóknarverkefni og, 4. þátttöku í námskeiðum í opinberri stjórnarsýslu og kynjafræðum.

Að vanda stóð stofnunin fyrir sex vikna námskeiði í stjórnarsýslurétti og upplýsingarétti í byrjun árs, en stofnunin hafði haft samstarf við forsætisráðuneytið um slíkt samstarf frá árinu 2005. Stofnunin skrifaði undir nýjan tveggja ára þjónustusamning við forsætisráðuneytið á haustmánuðum sem líkt og fyrri samningur nær til fjögurra þátta: 1. rannsóknarverkefni um árangur í stefnumótun, 2. framkvæmd könnunar á stöðu stefnumótunar innan Stjórnarráðsins, 3. stjórnarsýsluskóla fyrir starfsfólk Stjórnarráðsins og 4. hagnýtra rannsóknarverkefna fyrir háskólanema. Í nýjum samningi var enn fremur bætt við 5. liðnum er snýr að samstarfi um málþing og opna fundi.

Seðlabanki Íslands hefur undanfarin ár veitt útgáfu tímaritsins *Stjórnarmál & stjórnarsýsla* fjárhagslegan stuðning en í gildi er fimm ára samningur þar að lútandi sem nær til ársins 2023. Fjölmargir aðrir opinberir aðilar hafa jafnframt keypt styrktaráskriftir að tímaritinu en saman gerir þessi stuðningur stofnuninni m.a. kleift að gefa það út á prentformi.

Samstarf stofnunarinnar við *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál (TVE)* hélt áfram á árinu 2020, en stofnunin hefur haft umsjón með útgáfu tímaritsins í samstarfi við ritstjórn þess frá því 2017. Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild HÍ, Viðskiptafræðideild HÍ og Viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík standa að útgáfu tímaritsins.¹ Um er að ræða fræðitímarit með ritrýndum greinum sem kemur út tvisvar á ári í vefútgáfu og gefur 10 stig í matskerfi opinberra háskóla. Hlutverk stofnunarinnar við útgáfu TVE er að vinna með ritstjórn og hafa umsjón með samskiptum við höfundu og ritrýna, taka við nýjum greinum og halda utan um ritrýniferlið, auk þess að sjá um undirbúning greina í umbrot og vefútgáfu, kynningarmál, útgáfuviðburði og fjármál. Á móti greiðir tímaritið stofnuninni árlega umsýsluþóknun. Tímaritið kom út tvisvar í vefútgáfu árið 2020. Vorheftið sem alla jafna kemur út í júní tafðist vegna áhrifa Covid-19 faraldursins og kom út í október, en síðara heftið kom út í desember. Kjartan Páll Sveinsson sinnir verkefnum stofnunarinnar við útgáfu TVE. Vefsíða tímaritsins er: www.efnahagsmal.is

¹ Í janúar 2021 bættist Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst í hóp útgefenda tímaritsins.

Meðal fjölmargra annarra samstarfsaðila stofnunarinnar má nefna Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Félag stjórnsmálafræðinga, kennara Stjórnsmálafræðideildar og rannsóknarstofnanir við aðrar deildir háskólans. Sjá nánari umfjöllun um opna fundi um málefni líðandi stundar sem stofnunin stóð fyrir á árinu í kafla 4.2 og í viðauka 1.

2.3 Rannsóknir og þróunarverkefni

Eftirfarandi rannsóknar- og þróunarverkefni voru veigamest í starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnsmála á árinu:

2.3.1 Valds- og lýðræðisrannsókn Félagsvísindasviðs. Um er að ræða rannsóknarverkefni sem var skipulagt til fjögurra ára (2014-2018) þar sem athyglinni var beint að megingerendum í valds- og lýðræðiskerfum íslensks samfélags svo sem að löggjafanum, framkvæmdavaldinu, stjórnsýslunni, stjórnsmálflokkum, hagsmunasamtökum, fjölmiðlum og almenningi. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórnsmálafræðideild, stýrir rannsókninni en um 30 fræðimenn úr ólíkum deildum Félagsvísindasviðs hafa tekið þátt í verkefninu. Stofnunin hefur séð um rekstur verkefnisins í samstarfi við rannsóknarstjóra. Verkefninu var formlega lokið í maí 2018 þegar sérhefti með tíu ritrýndum fræðigreinum sem allar byggðu á rannsóknum í verkefninu kom út hjá tímaritinu *Stjórnsmál & stjórnsýsla*. Enn á þó eftir að koma út bók um áhrifahópa í íslensku samfélaginu í nafni rannsóknarverkefnisins en handrit að henni fór til úrvinnslu hjá Háskólaútgáfunni á haustmánuðum 2020. Rannsóknarstjóri vann við ritun bókarinnar á árunum 2019 og 2020 og aðstoðaði verkefnisstjóri stofnunarinnar hann við gagnaöflun og úrvinnslu. Á vefsíðu verkefnisins má sjá afkrastur rannsókna verkefnisins frá 2014-2018 (www.vol.hi.is).

2.3.2 Rannsóknarverkefni um lögmæti. Árið 2018 hlaut rannsóknarverkefnið *Hefur lögmæti ábrif?* (e. Does legitimacy make a difference?) þriggja ára (2018-2020) verkefnastyrk upp á 26 milljónir úr Rannsóknasjóði Íslands (Rannís). Rannsóknin leitast við að meta hvort lögmæti hafi áhrif á hegðun fólks og þar er sjónum sérstaklega beint að skattaundanskotum, spillingu og popúlisma. Rannsóknarstjóri verkefnisins er Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórnsmálafræðideild HÍ, en hlutverk stofnunarinnar í verkefninu felst í að aðstoða við gagnaúrvinnslu, sjá um fjármálaumsýslu og hafa umsjón með viðburðum og kynningum á rannsóknarniðurstöðum í samstarfi við rannsóknarstjóra. Framvinda rannsóknarverkefnisins á árinu var að miklu leyti samkvæmt áætlun. Gagnaúrvinnslu og greiningu var lokið og aðstoðaði verkefnisstjóri stofnunarinnar rannsóknastjóra í því verkefni. Fræðigreinar voru sendar í birtingu og ein kynnt á ráðstefnu evrópskra stjórnsmálafræðinga, mastersritgerð skilað (tveimur var skilað 2019) o.fl. Verkefnið hefur að mestu gengið samkvæmt áætlun en þegar þetta er ritað á eftir að birta fræðigreinar sem eru í lokafrágangi. Covid-19 hefur haft áhrif á tækifæri til að kynna rannsóknirnar á fjölbjóðlegum ráðstefnum auk þess sem lokaráðstefna var ekki haldin í nóvember 2020 líkt og ráðgert hafði verið. Áfram verður unnið að þessum verkefnum árið 2021.

2.3.3 Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál. Rannsóknasetrið tók formlega til starfa á Laugarvatni í ársbyrjun 2019, á grundvelli samstarfssamnings við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Setrinu var ætlað að vera í senn rannsókna-, fræðslu- og þjónustustofnun fyrir sveitarstjórnarstigið og sinna rannsóknum sem styðja við opinbera stefnumótun og ákvarðanir í málefnum sveitarfélaga og á sviðum byggða-, samgöngu- og samskiptamála. Rannsóknarstjóri setursins var Eva Marín Hlynsdóttir, dósent í opinberri stjórnsýslu við Stjórnsmálafræðideild, en

forstöðumaður stofnunarinnar var jafnframt forstöðumaður setursins. Helga Kristín Sæbjörnsdóttir starfaði sem verkefnisstjóri setursins upphaflega með starfsstöð í húsnæði HÍ á Laugarvatni en síðar – eftir að upp komu vandamál þar vegna myglu – í húsnæði Menntaskólans á Laugarvatni.

Um var að ræða tímabundið tilraunaverkefni og í byrjun júní 2020 var setrinu lokað. Margt hefur áunnist, sérstaklega hvað varðar rannsóknarhlutann í starfinu. Mikill kraftur hefur verið í gagnaöflun og gagnaúrvinnslu, bæði fyrir grunnrannsóknir um íslensk sveitarstjórnsmál og í tengslum við verkefni rannsóknarstjóra. Umsókn í nafni rannsóknarstjóra og stofnunarinnar var send inn til Rannís í júní, endurtekin og uppfærð frá fyrra ári, en hlaut ekki náð fyrir augum stjórnar Rannsóknasjóðs. Styrkur frá Rannsóknasjóði HÍ var nýttur fyrir gagnaöflun og rannsókn á stöðu kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum á árinu 2020. Hlaðvarpi um sveitarstjórnsmál hefur verið haldið úti frá því árið 2019, þar sem rætt er við fræðafólk um rannsóknir sem snúa að málefnum sveitarstjórnarsigsins. Loks hefur fjöldi starfsfólks sveitarfélaga sótt námskeið stofnunarinnar um ýmsa þætti opinberrar stjórnsýslu.

2.3.4 Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti. Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Hlutverk þess er að auka og efla rannsóknir á sviði fjölmiðla og fréttamennsku og að vera samstarfsvettvangur á milli fræðasamfélags og fjölmiðlafólks. Setrið var gert að sjálfstæðri einingu innan Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnsmála síðla árs 2016. Engir viðburðir voru skipulagðir á vegum setursins árið 2020.

Einnig má nefna að stofnunin hefur tekið að sér afmarkaða þætti í rannsóknarverkefnum kennara við Stjórnsmálafræðideild og hefur þessi þáttur verið að aukast í starfi stofnunarinnar undanfarin ár. Þriðja árið í röð vann stofnunin verkefni fyrir Íslensku kosningarannsóknina sem snýr að frágangi á gögnum fyrir alþjóðlega gagnagrunna og skýrsluskrifum. Þá hefur fyrrum forstöðumaður stofnunarinnar komið að vinnu faghóps þrjú hjá verkefnisstjórn um rammaáætlun, eða áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

3. Útgáfa og vefir

3.1 Veftímaritið Stjórnsmál & stjórnsýsla

Stofnunin hefur gefið út veftímaritið *Stjórnsmál & stjórnsýsla* frá árinu 2005. Megintilgangur tímaritsins er að gera fræðilegt efni um íslenska stjórnsýslu og stjórnsmál aðgengilegt með það fyrir augum að auka við þekkingu og efla faglega umræðu á þessu sviði. Tölublöðin eru öllum aðgengileg á vefsíðunni www.irpa.is sem stendur fyrir enskt heiti tímaritsins: *Icelandic Review of Politics & Administration - IRPA*. Frá árinu 2012 hefur tímaritið komið út í íslensku og ensku vefviðmóti og er hægt að velja á milli tungumála. Prentuð útgáfa kemur út einu sinni á ári, en í henni eru ritrýndu greinar vefútgáfunnar frá árinu áður og kom hún út í maí þetta starfsárið. Hátt í 100 einstaklingar og stofnanir eru áskrifendur að tímaritinu, greiða árlegt áskriftargjald og fá senda prentuðu útgáfuna. Þar af eru 14 opinberar stofnanir sem styðja útgáfuna sérstaklega með hærri styrktaráskrift. Einnig hefur Seðlabanki Íslands styrkt útgáfuna með fjárframlagi og var stuðningur bankans við útgáfuna formgerður með undirskrift styrksamnings til fimm ára árið 2019 (2019-2023). Tímaritið hefur á síðustu árum eflst og er það afar mikilvægur birtingarvettvangur fyrir

fræðimenn á sviði félagsvísinda. Frá upphafi til ársloka 2020 hafa birst 269 ritrýndar fræðigreinar í tímaritinu, 69 almennar greinar og 128 bókadómar.

Sem fyrr komu út tvö tölublöð í vefútgáfu á árinu, í júní og desember (sjá yfirlit yfir greinarnar í viðauka 2). Við útgáfu vef tímaritsins í desember var haldinn fjölsóttur opinn útgáfufundur, í fjarfundarformi í ljósi sóttvarnareglna. Á fundinum kynnti Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, prófessor í opinberri stjórnsýslu við HÍ, grein sína *Glöppavæðing mannglegra mistaka í heilbrigðisþjónustu: Hvernig og hvers vegna lagaleg ábyrgð getur rutt faglegru ábyrgð til hliðar og grafið undan öryggi sjúklinga*. Í greininni fjallar Sigurbjörg um áhrif ákæru sem birt var í maí 2014 á hendur íslenskum hjúkrunarfræðingi fyrir manndráp af gáleysi. Á grundvelli m.a. málsatviksrannsóknar með djúpvíðtölum og könnunar meðal allra starfandi hjúkrunarfræðinga á landinu kemst höfundur m.a. að þeim niðurstöðum að málið hafi leitt til aukins óöryggis meðal hjúkrunarfræðinga í starfi og mögulega valdið bakslagi í þróun faglegrar ábyrgðarskyldu sem gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir öryggi sjúklinga. Fundarstjóri var Eva Marín Hlynsdóttir, dósent í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands, sem m.a. á sæti í ritstjórn tímaritsins *Stjórnsmál & stjórnsýsla*.

Í ritstjórn tímaritsins sitja fimm manns: Gunnar Helgi Kristinsson, aðalritstjóri, Eva H. Önnudóttir, dósent, Eva Marín Hlynsdóttir, dósent og Agnar Freyr Helgason lektor, en þau starfa öll við Stjórnsmálafræðideild HÍ, og svo Gústaf Adolf Skúlason forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnsmála. Umsjón með útgáfunni hafði sem fyrr forstöðumaður stofnunarinnar, en Haukur Arnþórsson hefur umsjón með vef tímaritsins.

Hjá tímaritinu er einnig ráðgefandi ritstjórn sem og International Advisory Board. Báðar ritstjórnirnar eru skipaðar virtum erlendum og innlendum fræðimönnum á fræðasviði tímaritsins. Í ráðgefandi ritstjórn eru eftirtaldir: Jóhanna K. Birnir, University of Maryland, Magnús Þorkell Bernharðsson, Williams College, Guðmundur Heiðar Frímansson, Háskólinn á Akureyri, Ólafur Þ. Harðarson, Háskóli Íslands, Indriði H. Indriðason, University of California, Riverside, Anna G. Jónasdóttir, University of Örebro, Tiina Randma-Liiv, Tallinn University of Technology, og Gyða Margrét Pétursdóttir, Háskóli Íslands.

Í International Advisory Board eru eftirfarandi: Shaun Bowler, University of California, Riverside, Donatella Della Porta, European University Institute, Sieglinde Gstöhl, College of Europe, Beatrice Halsaa, University of Oslo, Johanna Kantola, University of Helsinki, Don Kettl, University of Maryland, Mona Lena Krook, Rutgers University, Brendan O'Leary, University of Pennsylvania, Simona Piattoni, University of Innsbruck, Gerry Stoker, University of Southampton og Jos C. N. Raadschelders, University of Oklahoma.

Greinar sem birtast í tímaritinu eru metnar til 15 stiga í matskerfi opinberra háskóla, en matskerfið gerir ráð fyrir því að íslensk tímarit séu flokkuð í samræmi við það hversu strangar vísindalegar kröfur tímaritin gera við mat á greinum sem þeim berast til birtingar, en þau þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði um ritstjórnarhætti. Ritrýndar greinar sem birtast í tímaritinu *Stjórnsmál & stjórnsýsla* eru því metnar í hæsta flokk en matskerfið er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna við opinbera háskóla.

Ritstjórn markaði sér þá stefnu árið 2012 að sækja um skráningu á tímaritinu í erlenda gagnagrunna vísindatímarita, og hefur náðst töluverður árangur í þeirri vinnu. Enn á tímaritið þó eftir að fá

skráningu í mikilvæga grunna eins og Scopus. Ritstjórn og útgefandi hafa unnið að endurbótum sem eru nauðsynlegar til að fá skráningu á tímaritinu í Scopus gagnagrunninum.

Tímaritið er með aðgang að eftirfarandi samtökum og kerfum, en þessi aðgangur er grunnur að skráningu í erlenda gagnagrunna vísindatímarita:

1. **CrossRef-Publishers International Linking Association (PILA)**

Sem útgefandi tímaritsins er stofnunin meðlimur í **Cross Ref Publishers International Linking Association (PILA)**. PILA úthlutar meðlimum DOI númeri sem er grundvöllur skráningar tímarita í gagnagrunna. Tímaritinu hefur verið úthlutað DOI númeri og hafa allar greinar tímaritsins frá upphafi (árið 2005) fengið slíkt númer.

2. **Open Access Scholarly Publishers Association (OASPA)**

Stofnunin sem útgefandi tímaritsins fékk inngöngu í **Open Access Scholarly Publishers Association (OASPA)** árið 2013. OASPA hvetur útgefendur til að nota [Creative Commons licenses](#), sérstaklega Creative Commons Attribution License (CC-BY), sem grundvöll fyrir opinn aðgang að fræðilegu efni skv. viðurkenndri skilgreiningu á opnum aðgangi vísindatímarita. Merki Creative Commons Licences kemur fram á forsiðu tímaritsins *Stjórnmal & stjórnsýsla* til marks um að það fylgi viðurkenndum stöðlum um opinn aðgang.

3. **Open Journal Systems (OJS)**

Stofnunin tók í gænið ritstjórnar- og dreifingarkerfi Open Journal Systems kerfið (OJS) árið 2013. Allar greinar sem birst hafa í tímaritinu hafa verið settar OJS kerfið. Kerfið er ritstjórnarkerfi fyrir höfunda, ritrýna og ritstjóra og styður tvíblinda ritrýni, sér um leiðbeiningar og áminningar til höfunda og ritrýna, er birtingarkerfi fyrir tímaritsgreinar á vefnum og útbýr eigin greinar í rafrænt form (export/import skrár) fyrir skráningu hjá alþjóðlegum skráningaraðilum fræðigreina.

Tímaritið er nú þegar skráð í eftirfarandi erlenda gagnagrunna vísindatímarita:

1. **Directory of Open Access Journal (DOAJ);**
2. **ProQuest** - undir ProQuest Political Science Journals;
3. **Google Scholar Metrics;**
4. **EBSCO** - EBSCO Information Services gagnagrunnur.

3.2 Vefir stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar, www.stjornsyslustofnun.hi.is, er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar, útgáfu o.fl. Stofnunin nýtir sér einnig samfélagsmiðla til kynningar á starfseminni og heldur úti Facebook-síðu og er á Twitter. Stofnunin rekur einnig vefsíðu tímaritsins *Stjórnmal & stjórnsýsla* (www.irpa.is) eins og fram hefur komið, auk þess að hafa umsjón með vefsíðu Valds- og lýðræðisrannsóknarinnar (www.vol.hi.is).

3.3. Vinnupappírar

Árið 2018 hóf stofnunin að birta „vinnupappíra“ (e. working papers) fræðimanna á vefsíðu sinni. Um er að ræða handrit að tímarits- og/eða ráðstefnugreinum sem enn eru á vinnslustigi og hafa því ekki farið í gegnum ritrýniferli, en viðfangsefni þeirra eru á sviðum stjórnála- og stjórnsýslufræða. Allir vinnupappírar fá sér númer og útgáfan er skráð með ISSN númer. Vinnupappírarnir birtast á vefsíðunni undir „útgáfa“. Það voru engar nýjar birtingar árið 2020.

4. Fræðsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu, stjórnámál og málefni líðandi stundar

4.1 Stjórnsýslufræðsla og önnur námskeið

Allt frá stofnun hefur stofnunin lagt mikla áherslu á að bjóða upp á styttri námskeið sem einkum eru hugsuð fyrir starfsfólk í stjórnsýslu ríkisins og hjá sveitarfélögum. Alla jafna er boðið upp á staðnám og fjarnám með streymi í rauntíma sem síðar er aðgengilegt sem upptaka, en með undantekningum námskeið eingöngu í staðnámi þar sem lögð er áhersla á þátttöku í umræðum og hópaverkefni. Covid-19 hafði eðlilega veruleg áhrif á þessa starfsemi stofnunarinnar á árinu. Fresta þurfti námskeiðum sem alla jafna hefðu verið haldin eingöngu í staðnámi en það lagðist smám saman alfarið af. Áfram var þó haldið með fjarnámsformið en þátttakan þar leið nokkuð fyrir þetta breytta form. Alls stóð stofnunin þó fyrir 13 námskeiðum á árinu sem alls 447 þátttakendur sóttu. Þetta eru talsvert lægri tölur en árið áður þegar alls 851 þátttakandi sótti 19 námskeið á vegum stofnunarinnar. Þar var þó um metár að ræða en undanfarin ár hefur fjöldi námskeiða verið svipaður og 2020 en heildarþátttaka meiri þar sem staðnám hefur verið í boði auk fjarnáms í streymi.

Boðið var upp á fjögur ný námskeið á árinu 2020 en sem fyrr stóð stofnunin fyrir föstum námskeiðum á sviði stjórnsýsluréttar, um jafnréttislög o.fl., alls 13 námskeiðum sem fyrr segir.

Á árinu 2020 var í 16. skiptið haldið *Sex vikna námskeið um stjórnsýslurétt fyrir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga*. Námskeiðið nýtur ávallt mikilla vinsælda og umsjónarmaður þess og einn kennara árið 2020 var Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands. Aðrir fyrirlesarar voru Trausti Fannar Valsson dósent við sömu deild auk Tryggva Gunnarssonar umboðsmanns Alþingis og sérfræðinga frá embætti hans og frá forsætisráðuneytinu.

Kjartan Bjarni Björgvinsson dómari við héraðsdóm Reykjavíkur kenndi alls tólf hálf dags námskeið á árinu hjá stofnuninni, á sviði stjórnsýsluréttar, um jafnréttislög, EES-samninginn o.fl., en sjá má lista yfir námskeiðin í viðauka 1. Fyrirhuguð námskeið annarra kennara um m.a. áhættu- og áfallstjórnun frestuðust þar sem þau höfðu verið hönnuð fyrir staðnám með virku hópastarfi, en hafa verið aðlöguð að fjarnámi á nýju ári.

4.2 Ráðstefnur, málþing og opnir fyrirlestrar

Stofnunin hefur til fjölda ára lagt áherslu á að standa fyrir opnum fundum og málþingum um málefni sem eru efst á baugi varðandi stjórnámál og stjórnsýslu í samstarfi við ýmsa aðila. Markhópur þessa fræðslu- og umræðuvettvangs eru stjórnendur í opinberum rekstri, starfsfólk stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og fag-, fræði- og áhugafólk um opinbera stjórnsýslu og stjórnámál. Covid-19 faraldurinn hafði veruleg áhrif á þennan hluta starfseminnar á árinu og lítið var um slík fundahöld framan af ári. Smám saman færðust þó slík fundahöld alfarið yfir í fjarfundaformið en í viðauka 1 má finna yfirlit yfir þessa óvenju fáu opnu fundi stofnunarinnar á árinu.

5. Fjármál stofnunarinnar

Háskóli Íslands og Stjórn málafræðideild leggja stofnuninni til starfsaðstöðu og almenna umsýsluþjónustu, m.a. vegna fjármála, sem auk annars styður við fjárhagslega stöðu stofnunarinnar. Að öðru leyti er stofnunin rekin fyrir sjálfsaflafé og aflar fjármagns til rekstrar með styrksamningum, þjónustusamningum, umsjón með málþingum, námskeiðum og opnum fundum, rannsóknaverkefnum, áskriftum að tímariti stofnunarinnar og öðrum styrkjum.

Skráðar heildartekjur stofnunarinnar árið 2020 voru tæplega 36,5 milljónir, en stofnunin var með átta rekstrareiningar: 1) almennur rekstur; 2) rannsóknarreikningur Valds- og lýðræðisrannsóknar; 3) rannsóknarreikningur Rannsóknaseturs í fjölmiðlun og boðskiptum; 4) rannsóknarreikningur Lögmætisrannsóknar; 5) Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál; 6) NoPSA 2020 – ráðstefna norrænna stjórn málafræðinga í ágúst 2021 (frestaðist 2020); 7) *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál/TVE*; og 8) tímaritið *Stjórn málafræðinganna og stjórnsýsla*.

Staðan á meginrekstrarreikningum stofnunarinnar (almennur rekstur og tímaritið *Stjórn málafræðinganna og stjórnsýsla*) í árslok 2020 var jákvæð um tæplega 5,7 milljónir króna.

Nánari greiningu á rekstri og fjármálum stofnunarinnar fyrir árið 2020 er að finna í greinargerð sem lögð var fyrir stjórn stofnunarinnar.

Viðauki 1. Viðburðir og námskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála árið 2020

Ráðstefnur, málþing og opnir fundir:

9. janúar. Staðgreiðsla og skattbyrði í 30 ár. Útgáfuhólf *Tímarits um viðskipti og efnahagsmál*

21. ágúst. Veirur, varnir og viðbrögð: Heilbrigði þjóðar og samfélags. Ráðstefna í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga og Félagsfræðingafélag Íslands.

21. nóvember. Áfallstjórnun: Viðbrögð ríkja, fyrirtækja og fjölþjóðastofnana við COVID-19. Málstofa í samstarfi við Stjórn málafræðideild HÍ.

10. desember. Heilbrigðiskerfið og áhyggjur af kóvíd. Málþing í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga.

17. desember. Útgáfufundur haustheftis tímaritsins *Stjórn mála & stjórnsýsla*.

Hætt var við nokkra fyrirhugaða fundi og málþing á árinu í ljósi sóttvarnareglna en síðustu þrjú fundirnir á árinu voru eingöngu í formi fjarfunda.

Námskeið:

Sex vikna námskeið í stjórnsýslurétti fyrir starfsfólk ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga. 4. febrúar – 12. mars.

Hvernig á að standa að ráðningum hjá ríki og sveitarfélögum? 13. febrúar.

Hvaða reglur gilda um starfslok opinberra starfsmanna? 20. febrúar.

Starfsmannamál og persónuvernd. Hvaða reglur gilda um meðferð persónuupplýsinga starfsmanna? 25. febrúar.

Þagnarskylda opinberra starfsmanna. Nýtt námskeið. 11. mars.

Gildissvið upplýsingalaga og helstu reglur laganna. 26. maí.

Hvaða réttindi hafa einstaklingar gagnvart stofnunum, fyrirtækjum og öðrum aðilum sem vinna með persónuupplýsingar? Nýtt námskeið. 27. maí.

Jafnréttislögin og helstu áhrif þeirra á vinnustað. 17. september.

Meðferð persónuupplýsinga í stjórnsýslunni – Algengustu álitæfni. 1. október.

Í EES-samningnum er þetta helst. Nýtt námskeið. 29. október.

Hverjar eru skyldur opinberra starfsmanna? 5. nóvember.

Undanþáguákvæði upplýsingalaga. 12. nóvember.

Hvernig á að leysa úr álitamálum samkvæmt upplýsingalögum? Raunhæf dæmi. Nýtt námskeið. 19. nóvember.

Flest námskeiðin voru í umsjón Kjartans Bjarna Björgvinssonar héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og seinni hluta ársins alfarið í fjarkennslu. Sex vikna námskeiðið í byrjun árs var í umsjón Hafsteins Þórs Haukssonar dósents við Lagadeild HÍ. Auk hans sáu þar um fyrirlestra Trausti Fannar Valsson dósent við Lagadeild HÍ, Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis og sérfræðingar við embætti hans og hjá forsætisráðuneytinu. Námskeið annarra kennara sem höfðu verið miðuð við staðnám og hópstarf frestuðust vegna sóttvarnarreglna en stefnt er að því að halda þau á nýju ári, m.a. nýtt námskeið um áhættustjórnun hjá opinberum skipulagseiningu.

Viðauki 2. Titlar og höfundar ritrýndra greina í tímaritinu *Stjórnámál & stjórnsýsla* árið 2020

Fræðigreinar sem birtust í vefriti stofnunarinnar vorið 2020:

Deliberation, participation and knowledge. Höfundur: Birgir Hermannsson.

The Word I Hate: Racism, Refugees and Asylum Seekers in Iceland. Höfundar: Helga Katrín Tryggvadóttir og Kristín Loftsdóttir.

Evidence-based publications on upper secondary education in Iceland, 2003-2012. Höfundar: Guðrún Ragnarsdóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Jón Torfi Jónasson og Brynja E. Halldórsdóttir.

Gender Equality as a Brand in Iceland's Foreign Policy. Höfundar: Kristín Sandra Karlsdóttir og Silja Bára Ómarsdóttir.

Fræðigreinar sem birtust í vefriti stofnunarinnar haustið 2020:

Criminalisation of human error in health care: How and why legal accountability can crowd out professional accountability and undermine patient safety. Höfundur: Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir.

Ábrif mismunandi hugtakanotkunar á viðhorf almennings. Höfundur: Viðar Halldórsson.

The novice MP: The experience of the newly elected in Iceland. Höfundar: Stefanía Óskarsdóttir og Ómar H. Kristmundsson.

Icelandic newsrooms in a pandemic mode. Höfundur: Birgir Guðmundsson.

Rökræða, stofnanir, þátttaka. Ágreiningsefni um lýðræði. Höfundur: Vilhjálmur Árnason.

Ábrif orðalags á svör við spurningum Stjórnlagaráðs. Höfundar: Vaka Vésteinsdóttir, Ragnhildur Lilja Ásgeirsdóttir, Vera Óðinsdóttir, Snæfríður Birta Björgvinsdóttir, Helena Ólafsdóttir, Einey Ösp Gunnarsdóttir og Fanney Þórsdóttir.

Attitudes towards refugees and Muslim immigrants in Iceland: The perceived link to terrorism. Höfundar: Margrét Valdimarsdóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir.

The Intergenerational Transmission of Education: A Case Study from Iceland. Höfundar: Emil Dagsson, Þorlákur Karlsson og Gylfi Zoega.

„Þetta er allt manna verk“: Upplifun stjórnenda á ábrifum jafnlaunavottunar á kjaraumbverfi. Höfundar: Gerða Björg Hafsteinsdóttir, Erla Sólveig Kristjánsdóttir og Þóra H. Christiansen.

Dreifing efnabags- og menntunarauds meðal foreldra í skólahverfum höfuðborgarsvæðisins 1997–2016. Höfundar: Berglind Rós Magnúsdóttir, Auður Magndís Auðardóttir og Kolbeinn Stefánsson.